

Alþingi  
Erindi nr. P/140/2261  
komudagur 8.5.2012

## Athugasemd vegna Rammaáætlunar

Anna Katrín Hreinsdóttir [akhreinsdottir@gmail.com]

Sent: 8. maí 2012 10:26

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

---

Góðan daginn.

Undirrituð gerir alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaátælnun og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn. Þess má geta að yfir um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar.

Að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði er eitthvað sem augljóslega er rangt á tímum þegar náttúrusvæði í nálægð við þéttbýli hafa aldrei verið verðmætari einmitt nú þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt að ferðast um langan veg til að njóta náttúru slíkra svæða.

Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga."

Virðingarfyllst,

Anna Katrín Hreinsdóttir  
Kt. 170877-4119,